

Mál nr. 162/2007

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.

Áræktur á bifreiðastæði við verslunina Bónus á Smáratorgi í Kópavogi þann 19.6.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttækið 27.8.2007, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var bakkað út úr stöðureit á bifreiðastæði við verslunina Bónus á Smáratorgi í Kópavogi. Um leið var bifreiðinni B einnig ekið aftur á bak úr stöðureit skáhallt á móti A. Rákust þá saman aftanverð hægri hlið A og afturendi B.

Ökumaður A kvaðst hafa bakkað úr stöðureitnum og A verið kyrrstæð þegar B hafi verið bakkað á hægri hlið A. Ökumaðurinn kvaðst hafa séð í hvað stefndi og flautað góða stund að honum fannst áður en áræktur varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið hægt aftur á bak vegna þess að næst honum hafi stórrí bifreið verið ekið aftur á bak sem var nærri því að aka á B. Þá hafi hann heyrt að B hafi rekist á eitthvað. Þegar árækturinn varð hafi ökumaður A þeytt bílflautuna.

Álit.

Eins og ökumenn hafa lýst tildrögum áræktursins var A kyrrstæð og ökumaður hennar þeytti bílflautu til að vara ökumann B við yfirvofandi hættu. Ökumaður B vissi á hinn bóginn ekki af A fyrir aftan sig fyrr en hann heyrði að áræktur varð með ökutækjunum. Ökumaður B gætti ekki nægilega að umferð fyrir aftan sig eins og honum bar, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þegar hann ók aftur á bak úr stöðureitnum. Verður árækturinn rakinn til þessa aðgæsluleysis ökumanns B. Þessu breytir ekki þótt ökumaðurinn hafi á sama tíma einnig orðið að hafa gætur á annarri bifreið, sem ekið var aftur á bak næst honum. Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að ökumaður A hafi sýnt aðgæsluleysi eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 26. september 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.